

**Mál nr. 209/2009**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Maður féll af efra lofti niður á jarðhæð í lagerhúsnæði.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttekið 12.6.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 26.6.2009, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

M starfaði hjá fyrirtækinu V og var verkstjóri eða vöruhúsnæðingur í vöruhúsi V. Í vöruhúsinu er geymslurými á svokölluðu efra lofti. Gólf efra loftsins er í 4 m hæð frá gólfi jarðhæðar hússins. Á einum stað er opið frá efra loftinu út í sjálft lagerrými þar sem gert er ráð fyrir að vörulyftari geti lyft vörum upp á loftið eða tekið vörur sem flytja þarf niður af loftinu. Fyrir opi þessu er færanlegt öryggishlið um 1,17 m á hæð. Það er svo tekið frá þegar lyftari þarf að athafna sig og koma vörubrettum inn á gólfið á efra loftinu eða sækja þangað bretti.

Af gögnum málsins má ráða að haustið 2007 hafði S sameinast V, en fyrir sameininguna hafi S haft starfsemi með höndum í vöruhúsinu og M hafi verið starfsmaður S fyrir sameiningu og starfað þar sem vöruhúsnæðingur.

Um kvöldmatarleytið þann 14.1.2008 var unnið við hreinsun í geymslurýminu á umræddu efra lofti. Hafði M ásamt þremur öðrum vinnufélögum sínum borið glerplötur, 295,5 x 99 cm að flatarmáli, að opinu og lagt þar á vörubretti sem var við gólfbrúnina. Héldu tveir um hvorn enda á plötunum. Er þeir báru eina glerplötuna og lögðu á vörubrettið gekk M aftur á bak og kom plötunni fyrir á þeim enda brettisins sem var við brúnina á opinu. Er hann hafði losað takið á plötunni mun hann hafa stigið eitt skref aftur á bak og féll við það niður á jarðhæðina, en öryggishliðið var þá ekki fyrir opinu. M slasaðist alvarlega við fallið.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið segir að meginorsök slyssins megi rekja til þess að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir fallhættu þegar öryggishliðið var fjarlægð. Gefin voru svofelld fyrirmæli af hálfu stofnunarinnar um tafarlausar úrbætur: Annars vegar um að alltaf skuli leitast við að gæta fyllsta öryggis þegar flytja á vörur upp á loftið og niður af því og hins vegar að gera skuli ráðstafanir til að tryggja fullt öryggi starfsmanna við vinnu á loftinu þegar fjarlægja þarf hliðið.

Einn vinnufélagi M kvaðst hafa fært það í tal við M, er þeir voru að bera plöturnar að opinu, hvort ekki væri rétt að hafa öryggishliðið fyrir opinu. M hafi svarað því neitandi.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

**Álit.**

Í 20.-23. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er mælt fyrir um skyldur verkstjóra. Samkvæmt 20. gr. merkir verkstjóri í lögnum hvern þann sem á vegum atvinnurekanda hefur með höndum verkstjórn og eftirlit með starfsemi í fyrirtæki eða hluta þess. Í 21. gr. laganna segir að verkstjóri skuli sjá um að búnaður allur sé góður og öruggt skipulag sé

ríkjandi á vinnustöðum sem hann hefur umsjón með. Þá skal verkstjóri, sbr. 1. mgr. 23. gr. laganna, beita sér fyrir að starfsskilyrði innan þess starfssviðs, sem hann stjórnar, séu fullnægjandi að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Hann skal sjá um að þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til þess að auka öryggi og bæta aðbúnað og hollustuhætti sé framfylgt. Ennfremur skal verkstjóri, sbr. 2. mgr. sömu gr., tryggja að hættu sé afstýrt, ef hann verður var við einhver þau atriði, sem leitt geta til hættu á slysum eða sjúkdómum. Í fyrirbyggjandi starfslýsingu vöruhúsastjóra S kemur fram að vöruhúsastjóri beri m.a. ábyrgð á daglegum rekstri vöruhússins og beri að sjá til þess að farið sé að öryggis- og verklagsreglum í vöruhúsinu.

Af gögnum málsins þykir mega slá föstu að M gegndi stöðu verkstjóra í skilningi laga nr. 46/1980 í vöruhúsi V þar sem slysið varð. Honum átti ekki að geta dulist sú mikla hættu sem fólst í því að hafa ekki öryggishliðið fyrir opinu á sama tíma og glerplöturnar voru lagðar bretti á gólfbrúninni fast við opið. Ekkert bendir til þess að nauðsynlegt hafi verið að koma plötunum fyrir á brettinu fyrir opnu hliði. Það stóð M næst að sjá til þess að fyllstu varúðarráðstafana væri gætt meðan umrætt verk var unnið. Yfirmenn M máttu treysta því hann skipulegði verkið með þeim hætti að ekki skapaðist slyshætta fyrir hann sjálfan eða aðra starfsmenn V sem þarna unnu. Verður ekki séð að V beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Tjón verður af þeim sökum heldur ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 21. júlí 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.